

Danshús á Íslandi

Vettvangur fyrir lifandi listir til sýninga, æfinga og fræðslustarfs

Heimili danslistarinnar og tenging við samfélagið

Lilja Björk Haraldsdóttir

Nýsköpunarsjóður námsmanna 2023



Danshús á Íslandi

Verðugt fyrir tilvitnun um þátttöku í samráðsgerðum

á milli Danshús á Íslandi og umráðamanna

Lífa Björk Haraldsdóttir

Undirskrift nemanda

ERNA ÓMARRSDÓTTIR

Undirskrift umsjónarmanns



Útdráttur

Þessi rannsókn er unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna hjá Rannís. Hún er unnin í samstarfi við Dansverkstæðið og Íslenska dansflokkinn með mikilvægri aðkomu sjálfstætt starfandi danslistafólks, Reykjavík Dance Festival og sirkuslistafélagsins Hringleiks. Rannsóknin og skýrslan sem úr henni er unnin er byggð á fyrri skýrslu Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur um Danshús á Íslandi sem kom út árið 2017 en lengi hefur verið kallað eftir slíkri stofnun eða vettvangi hér á landi - heimili fyrir dansinn. Þar sem listformið getur þróast, danslistafólk getur unnið og sýnt sín verk og þar sem mismunandi aðilar innan danssamfélagsins á Íslandi geta komið saman og myndað sterka miðstöð listformsins hér á landi.

Rannsóknin skiptist upp í eftirfarandi hluta; fyrsti hluti snýr að því hvernig danssamfélagið á Íslandi lítur út í dag og hver þörfin þess er ásamt því að rýnt var í helstu hugtök og hvernig danshús eru rekin erlendis. Annar hluti snýr að möguleikum í samþættingu stofnana, líklegir samstarfsaðilar, rekstrarform og staðsetningar Danshúss. Þriðji hluti snýr svo að hlutverki stofnunarinnar í tengslum við samfélagið þ.e. áhorfendapróun, fræðslustarf, sýningar fyrir börn og ungmenni, inngilding og fjölbreytileiki. Að lokum var rýnt í starfsemi Danshúsa á Norðurlöndunum og þau borin saman við þær hugmyndir sem hafa komið fram hér á landi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að samstaða er innan danssamfélagsins um hvers sé þörf en að kynna þurfi hugmyndina betur fyrir stjórnvöldum þannig að hægt sé að tryggja fjármagn fyrir stofnun og rekstri slíks húss. En Danshús er nauðsynlegt til þess að viðhalda og styðja við þessa vaxandi listgrein hér á landi og gæti slík stofnun leist húsnaðisvanda Íslenska Dansflokksins, Reykjavík Dance Festival og sjálfstæðu senunnar að miklu leyti ef vel er hugað að skipulagi og uppskiptingu rýmis.

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
Möguleikar Danshúss á Íslandi.....	5
Menningarleg auðgun og félagsleg áhrif.....	5
Aðdragandi.....	7
Rannsóknaraðferð.....	8
Helstu hugtök.....	10
Danssamfélagið á Íslandi í dag.....	11
Danshús á Íslandi.....	14
Samþætting.....	14
Samstarfsaðilar.....	15
Áhorfendaþróun.....	17
Börn og yngri áhorfendur.....	20
Inngilding.....	21
Rekstrarform.....	22
Rýmisþörf.....	24
Sviðsmyndir.....	27
Staðsetning.....	31
Danshús á Norðurlöndunum.....	33
Tímalína danshúsa í Evrópu.....	37
Umræða.....	38
Heimildir.....	39

Myndaskrá

Mynd 5.1	sýnir fjölda unna verka á Dansverkstæðinu ár hvert	12
Mynd 6.1	sýnir áhorfendafjölda Íslenska dansflokksins 2017 - 2022	18
Mynd 6.2	sýnir áhorfendaþróun Reykjavík Dance Festival 2013 - 2022	19
Mynd 6.3	sýnir áhorfendaþróun Hringleiks sirkuslistafélags 2021 - 2023	20
Mynd 7.1	sýnir áhorfendaþróun Dansens hus, Stockholm 2011 - 2022	34
Mynd 7.2	sýnir áhorfendaþróun Dansens hus, Oslo 2006 - 2022	36
Mynd 7.3	sýnir tímalínu danshúsa í Evrópu	37

Töfluskrá

Tafla 6.1	sýnir mögulega samstarfsaðila gegnum árið í Danshúsi	16
Tafla 6.2	sýnir SVÓT greiningu Danshúss á Íslandi	23

Möguleikar Danshúss á Íslandi

Menningarleg auðgun og félagsleg áhrif

Á undanförunum árum hafa menningarstofnanir fengið aukna athygli og vægi sem uppspretta samfélagslegrar velferðar og hafa þar af leiðandi hlotið meiri þýðingu innan borgarþróunar, bæði hérlandis og erlendis. Hafa rannsóknir einnig undirstrikað jákvæð áhrif þeirra á samfélagsgerð og almenna hamingju borgara (Hutter & Throsby, 2008).

Eftir að skýrsla um hagræn áhrif skapandi greina kom út árið 2011 hefur einnig áhugi og aðkoma stjórnvalda að menningarmálum aukist og aukin áhersla verið lögð á listir og menningu í stefnumálum ríkis og sveitarfélaga. En þar kom m.a fram að hagræn áhrif skapandi greina væru mun meiri en áður var talið og samsvaraði allt að 8% af heildarveltu landsins (Sigurðardóttir & Young, 2011)

Hér á landi hefur menning ávallt skipað stóran sess í þjóðarsálinni og sýna m.a tölfræðigögn úr norræna tölfræðigrunninum að leikhúsaðsókn Íslendinga sé sú hæsta á Norðurlöndunum þegar kemur að fjölda heimsókna á hverja 100 íbúa. Með allt að yfir 90% af heildarfjölda landsmanna sem fara í leikhús einu sinni á ári (Nordig Statistics database, 2023).

Þessi ritgerð miðar að því að sýna fram á þann ávinning sem getur orðið af að á Íslandi verði stofnað sérstakt hús fyrir dansinn - Danshús. En samfélagslegt hlutverk slíkrar stofnunar myndi ná út fyrir hinn listræna ávinning og samræmast með endurnýjun þéttbýlis, samfélagsþátttöku og ræktun lifandi menningarlegrar sjálfsmyndar (Florida, 2002). Rannsóknin byggir á fyrri rannsókn Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur um Danshús sem gerð var árið 2017, en tekur tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa síðustu ár innan listdansgeirans og utan hans. Í nýútkominni dansstefnu 22/32 frá Félagi íslenskra listdansara er fjallað um mikilvægi þess að á Íslandi risi danshús.

“ ...danshús getur leyst húsnaðisþörf Íslenska dansflokksins, en einnig er brýn þörf á leiksviði fyrir fjölbreyttar danssýningar sem þjónað geta breiðum og ólíkum aldurshópi áhorfenda. Með Danshúsi myndi sýnileiki dansins aukast og möguleikar á kynningarstarfi og samstarfi af öllu

tagi margfaldast. Síðast en ekki síst verður dansinn húsráðandi á eigin heimili í Danshúsi.”
(Danstefna 22/32).

En með því að hafa eigið heimili þar sem dansinn er í forgrunni og sértækum þörfum greinarinnar er sinnt til fullnustu er ýtt undir sjálfsmynd greinarinnar bæði útávið og innávið. Þegar stöðugt þarf að aðlaga sig eða beygja og sveigja eftir aðstæðum sem eru ekki fullnægjandi hefur það áhrif á bæði það hvernig almenningur upplifir greinina jafnt sem hvernig fólk sem starfar innan hennar upplifir sig og sína starfsgrein. Það er þrautseigja, aðlögunarhæfni og vinnuþrek í dansgeiranum á Íslandi sem gefur til kynna að aukinn stuðningur, bæði hugrænn og fjárhagslegur, getur eflt greinina til muna sem alvöru starfsgrein á Íslandi.

Snemma í ferlinu kom upp spurningin hvort að hugmyndin um Danshús á Íslandi sé úrelt. Höfundur telur svo ekki vera en forsendurnar hafi þó breyst, með breytingum bæði innan sviðslista og í samfélaginu sem heild, sem mikilvægt er að taka tillit til þegar rætt er um möguleika á Danshúsi á Íslandi. Seinustu ár hefur verið lögð meiri áhersla á opnar listastofnanir með rými fyrir fjölbreytta starfssemi og fjölbreyttan áhorfendahóp og ekki má draga úr mikilvægi inngildingar í því samhengi. En menningar- og listastofnanir geta oft verið í fararbroddi þegar kemur að samfélagslegum breytingum og að bregðast við utanaðkomandi áhrifum. Hins vegar, snýst aðlögunarhæfni listastofnana minna um að breyta sjálfri sér og meira um að aðlagast þeim breytingum sem gerast í kringum sig og þannig hafa áhrif á þann heim sem stofnunin hefur samsverkan við (Byrnes, 2022).

Danshús hefur mikla möguleika á að vera opin og aðgengileg menningarstofnun sem höfðar til fjölbreytts markhóps. Dansinn er í eðli sínu aðgengilegur þar sem að ekki er verið að reiða sig á tungumálið heldur líkamann og skynjunina og höfðar vel til bæði ungra og eldri áhorfenda. Þar sem dansinn er bæði alþjóðlegur og aðgengilegur er vert að minnast á möguleika tengdum ferðaiðnaði landsins en með góðri staðsetningu Danshúss og skipulagðri markaðssetningu væri hægt að ná til þeirra fjölda ferðamanna sem heimsækir landið ár hvert. Þannig væri hægt að kynna menningarlíf landsins enn frekar og ná enn betur út fyrir landsteinana. Ísland er þekkt fyrir öflugt menningar- og listafólk og á það ekki einungis við um tónlist og menningararf heldur er danslistafólk þekkt og vel metið erlendis og íslenskar danssýningar ferðast um heiminn við góðar undirtektir. Þó að við séum fámenn sem þjóð og að efasemdir hafi komið upp um rekstur slíkrar stofnunar hér á landi þá telur höfundur að með

sambættingu ólíkra aðila innan lifandi lista og réttum áherslum í uppsetningu sýninga, fræðslustarfi og áhorfendaþróun sé grundvöllur fyrir stofnun og rekstri slíks húss tilstaðar.

Með þessari skýrslu er ekki ætlunin að gera nákvæman uppdrátt af danshúsi, innviðum þess og tæknilegum þörfum heldur er frekar verið að rýna í þær breytingar sem átt hafa sér stað innan listdansgeirans á síðustu árum. Horft er til þess samfélagslega hlutverks sem slíkt hús getur haft, áhrif þess á bæði listdansgeirann en líka nærsamfélagið. Hvaða möguleikar liggja fyrir í sambættingu mismunandi aðila innan listdansgeirans á Íslandi ásamt því að skoða samstarfsmöguleika við aðra menningarviðburði. Samt sem áður verður stuttlega fjallað um stærð og gerð rýmis sem myndi henta ásamt því að gera grófan uppdrátt af tækniþörfum slíks húss.

Aðdragandi

Eins og áður hefur verið vikið að þá er þessi rannsókn byggð að hluta til á rannsókn Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur frá árinu 2017 en þar var meðal annars fjallað um mögulegar staðsetningar danshús á Íslandi og hver rýmisþörfin væri. Fjallaði Melkorka einnig um sögu baráttunnar fyrir danshúsi hér á landi og verður því ekki fjallað ítarlega um hana hér en skortur á viðunandi starfsaðstöðu hefur lengi háð dansstéttinni og á það við bæði Íslenska dansflokkinn sem er ríkisstofnun og sjálfstætt starfandi danslistafólk og hópa.

Skortur er á bæði æfingar, framleiðslu og sýningarrými og mörg þeirra rýma sem til staðar eru fullnægja ekki þeim kröfum og sérstöðu sem að danslistin hefur. Lítið hefur breyst í þeim málum frá því að skýrsla Melkorku kom út og er danslistin enn í dag ein af fáum listgreinum sem skortir varanlegt heimili þó að íslenskir danslistamenn hafi af sjálfsdáðum náð miklum árangri í uppbyggingu greinarinnar síðastliðin ár (Magnúsdóttir, 2017). Danslistin hefur haldið áfram að vaxa hérlendis og dansarar halda áfram að útskrifast af samtímadansbraut Listaháskóla Íslands og erlendis en gífurlega krefjandi starfsumhverfi er það sem tekur á móti þeim eftir útskrift og spilar skortur á rými þar stórt hlutverk. Án rýmis til þess að skapa og sýna sýningar er grundvöllur fyrir framþróun innan greinarinnar lítill og erfitt er fyrir nýútskrifaða dansara að fá störf innan listgreinarinnar. Eins hefur ákallið frá Íslenska dansflokknum einungis orðið hærra því þau starfa enn við ófullnægjandi aðstæður í söllum Borgarleikhússins.

Danshús eru í öllum helstu borgum Evrópu og þjóna þar margþættu hlutverki sem heimili danslistarinnar, ekki er því óhugsandi að slíkt hús gæti verið starfrækt hér. Þessi skýrsla er hugsuð sem viðbót í baráttunni fyrir danshúsi hér á landi og er ætlað að kynna þá möguleika sem gætu skapast með þannig húsi. Höfundur rannsóknarinnar hefur bakgrunn sem dansari og danshöfundur og hefur starfað innan sviðslistageirans í Osló seinustu ár en þar er að finna glæsilegt danshús sem er heimili danslistarinnar í Noregi. Út frá upplifun rannsakanda af að fara á sýningar, viðburði og annað í danshúsinu í Osló og annarsstaðar spratt upp áhugi á að skoða möguleikana á slíku húsi hér á landi. Jafnframt hefur rannsakandi í starfi sínu sem formaður Félags íslenskra listdansara (FÍLD) gert sér mjög vel grein fyrir þeim rýmisskortum sem danslistafólk og annað listafólk innan lifandi lista stendur frammi fyrir en sviðsrými fyrir sjálfstætt starfandi danslistafólk er afar takmarkað og engin sviðsrými sem gerð eru sérstaklega með þarfir dansins í fyrirrúmi.

Ritgerðin skiptist í sjö hluta að inngangi meðtöldum. Í öðrum hluta er stuttlega farið yfir aðdraganda og fyrri úttekt á danshúsi hér á landi. Í þriðja hluta er farið yfir þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru. Í fjórða hluta eru helstu hugtök sem koma fram í ritgerðinni útskýrð. Í fimmta hluta er fjallað um danssamfélagið á Íslandi í dag. Í sjötta hluta eru niðurstöður rannsóknarinnar lagðar fram og ræddar, skipt er niður í undirkafla sem fjalla sérstaklega um rýmisþörf, samþættingu stofnana, rekstrarform, staðsetningu og helstu samstarfsaðila. Einnig er rýnt í áhorfendapróun og sýnileika greinarinnar. Í sjöunda og seinasta hluta eru umræður og niðurstöður dregnar saman.

Rannsóknaraðferð

Þó svo að umræðan um danshús hér á landi hafi staðið yfir lengi er lítið um formlegar rannsóknir á þeim möguleikum sem liggja í slíku húsi. Ber þar helst að nefna áður nefnda rannsókn Melkorku Sigríðar Magnúsdóttur frá árinu 2017 og byggir þessi rannsókn að hluta til á þeim upplýsingum sem koma þar fram. Eins hefur greinargerð Ólafar Ingólfssdóttur og Karenar Maríu Jónsdóttur frá 2007, *Tillögur að danshúsi*, verið höfð til hliðsjónar. Jafnframt er lítið til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað bæði innan sviðslista og í samfélaginu almennt seinustu ár ásamt því að skoða og bera saman Danshús í Evrópu og þá aðallega á Norðurlöndunum. Ákveðið

var því að notast við bæði eigindlegar og meginlegar aðferðir sem í sameiningu ná yfir samspil menningarlegs samhengis, tölfræðigagna og huglægra sjónarhorna.

Eigindlegar aðferðir voru í formi viðtala við einstaklinga og hópa sem starfa innan sviðslista á Íslandi ásamt einstaklingsviðtölum við starfsfólk erlendra danshúsa og stofnanna. Þessi blanda af viðtölum gaf góða yfirsýn yfir reynslu, áskoranir og vonir innan dansgeirans. Í viðbót við viðtölin voru tveir rýnihópar kallaðir saman til að auðga enn frekar eigindlega gagnasafnið. Annar hópurinn samanstóð af sjálfstætt starfandi listamönnum en hinn samanstóð af einstaklingum tengdum listastofnunum landsins. Í rýnihópunum valdi rannsakandi viðfangsefni en stýrði annars umræðum eins lítið og hægt var. Rýnihóparnir voru hljóðritaðir, afritaðir og niðurstöður flokkaðar í kóða, jafnframt voru viðtölin ýmist hljóðrituð eða punktar skrifaðir niður samstundis. Niðurstöður viðtala og rýnihópa voru svo borin saman við þau gögn sem fyrir lágu um möguleika á danshúsi á Íslandi ásamt gögnum um danshús í Evrópu. Ársskýrslur danshúsa á Norðurlöndum voru skoðaðar til þess að fá góða mynd af þróun starfseminnar þegar kemur að áhorfendatölum, fjölda uppsetninga og fjármagni og einnig var notast við gögn frá European Dancehouse Network sem eru samtök danshúsa í Evrópu.

Meginlegar aðferðir voru í formi rannsóknar á áhorfendatölum erlendra danshúsa ásamt áhorfendatölum hátíða og dansflokka hérlendis en einnig voru skoðaðar tölur frá Hagstofu Íslands um fjölda þeirra sem starfa innan sviðslista og fjölda þeirra sem útskrifast af samtímadansbraut LHÍ ár hvert.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar eru þeir að rætt var nær eingöngu við aðila sem starfa innan listgreinarinnar með einhverjum hætti. Sjónarhorn ritgerðarinnar er því flytjandans. Með rannsókninni er verið að taka upp þráðinn aftur eftir fleiri ár, þar sem umræðan hefur mikið til legið niðri og lá því beinast við að hefja vinnuna aftur á því að eiga samtal við dansgeirann og gera grein fyrir þeirri þróun og breyttu áherslum sem hafa átt sér stað þar. Eins var erfitt að fá fund með ríki og sveitarfélagi þar sem rannsóknin var unnin yfir sumartímamann. Næstu skref verkefnisins væri að taka samtalið áfram og ræða við bæði tæknifólk og arkítækta ásamt því að kynna niðurstöður og ræða frekar við aðila frá ríki og borg.

Helstu hugtök

Danshús er bygging, rými eða salur sem er sérstaklega útbúin og hugsuð fyrir flutning og sýningarhald danslistarinnar. Húsið eða salurinn verður að vera þeim kostum gæddur að geta rúmað marga í sæti, hafa breitt svið með dansgólfi, hljómflutningsbúnað og ljósabúnað. Mismunandi útfærslur og stærðir eru á danshúsum úti um allan heim. Danshús eru nauðsynleg fyrir iðkun og stuðning við dans sem listgrein; á sama hátt og mannvirki eins og óperuhús, leikhús og tónleikasalir eru til til að koma til móts við sérstakar þarfir listgreina sinna (European Dancehouse Network, 2023).

Leikhús án orða eða sjónrænt leikhús er regnhlífarhugtak yfir þær sviðslistagreinar sem skapa verk þar sem tjáning með líkamanum er í fyrirrúmi svo sem með látbragði, hreyfingum, svipbrigðum og sjónrænum þáttum, frekar en töluðu eða skrifuðu orði. Af sviðslistum sem falla undir leikhús án orða má nefna; dans, sjónrænt leikhús s.s brúðuleikhús og grímuleikhús, líkamlegt leikhús, sirkus og tilrauna leikhús. Öll þessi listform eiga það sameiginlegt að vera aðgengileg alþjóðlegum og fjölbreyttum áhorfendahópi.

Samþætting menningarstofnana eða hópa vísar til þess ferlis að leiða saman ólíkar menningareiningar, svo sem söfn, listastofnanir, samfélagsstofnanir, hátíðir eða félög til að efla samvinnu, sameiginlegan skilning og skiptast á hugmyndum. Kostir þess að samþætta menningarstofnanir eða hópa geta verið; fjölbreytt dagskrárgerð, menningarskipti, þverfagleg þekking og reynsla, efling samfélagstengsla og betri nýtingu á auðlindum s.s rými, fjármagni, tæknibúnaði, starfsfólki o.fl.

Áhorfendaþróun er stefnumótunar ferli sem leggur áherslu á að laða að, virkja og viðhalda fjölbreyttum og vaxandi áhorfendahóp fyrir m.a menningarstofnanir, listasamtök, viðburði og annað. Markmið áhorfendaþróunar er að auka umfang og áhrif menningarframboðs og gera það aðgengilegt og viðeigandi fyrir breiðan hóp fólks. Árangursrík áhorfendaþróun krefst nálgunar sem er í takt við þau markmið og gildi sem menningarstofnunin vinnur eftir. Með því að einblína á inngildingu, þátttöku og mikilvægi er hægt að stuðla að langvarandi samskiptum við áhorfendur ásamt því að auka samfélagslegt virði viðeigandi stofnunnar.


Danssamfélagið á Íslandi í dag

Danssamfélagið á Íslandi er í sífelldri þróun og hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum árum, sem einkennist af aukinni áherslu á fagmennsku og listrænan vöxt ásamt alþjóðlegri viðurkenningu. Sú vegferð hefur hins vegar ekki verið án áskorana en danslistafólk á Íslandi stendur frammi fyrir skorti á hentugum æfinga- og sýningarrýmum og því erfiða verkefni að brúa bilið milli menntunar og atvinnutækifæra. Innleiðing dansnáms við Listaháskóla Íslands árið 2006 var stökkpallur fyrir greinina en það er einnig til marks um grósku danslistarinnar á Íslandi að nemendur sækjast enn eftir framhaldsmenntun erlendis. Við eigum öflugt listafólk innan greinarinnar hér á landi, fólk sem hefur getið sér gott orð hérlendis og erlendis og drífur senuna áfram. Fjöldi af nýju danslistafólki útskrifast ár hvert úr bæði Listaháskólanum og skólum erlendis en hvað er það sem tekur við eftir útskrift?

Það er ekkert leyndarmál að starfsvettvangur dansarans er krefjandi. Það er fátt um störf og algengt að það þurfi að skapa sinn eigin starfsvettvang, búa til eigin verkefni og skapa sér þannig tækifæri. Það er greinileg vöntun á æfingarrýmum fyrir sviðslistafólk á Íslandi, og þeir möguleikar sem liggja fyrir sjálfstæðu senunni eru fáir og er hart barist um hvert pláss. Með tilkomu Dansverkstæðisins árið 2010 og sérstaklega eftir að flutt var í núverandi húsnæði við Hjarðarhaga 47 árið 2017, hafa aðstæður varðandi æfingarrými sjálfstæðu senunnar batnað til muna þó svo að enn megi gera betur. Dansverkstæðið er gífurlega vel nýtt rými sem býður upp á vikulega þjálfunartíma fyrir atvinnudansara og æfingar- og vinnuaðstöðu fyrir danslistafólk en sviðslistafólk úr öðrum greinum, bæði stofnanir eins og Íslenski dansflokkurinn og Íslenska óperan og sjálfstætt starfandi listafólk, nýtir sér einnig rýmið þar sem skortur er á æfingarrýmum fyrir allar sviðslistagreinar í borginni. Fjöldi fullunna verka sem unnin eru á Dansverkstæðinu er stöðugt að aukast og frá árinu 2017 hefur þeim fjölgað úr 7 verkum á ári til 21 verka árið 2022 en einnig fara fram gestavinnustofur og mikil þróunarvinna á hverju ári. Óhætt er því að segja að Dansverkstæðið sé eitt mikilvægasta rými landsins fyrir atvinnu danslistafólk.

En það breytir því ekki að enn er skortur á æfingarrýmum til þess að koma til móts við sviðslistasenuna í heild. Enn meiri skortur er á sýningaraðstöðu og staðreyndin er sú að ekkert leiksvið er til sem er sérstaklega hugsað og hannað fyrir danslistina.

Fjöldi verka unnin árlega á Dansverkstæðinu



Mynd 5.1 sýnir fjölda sviðslistaverka sem unnin eru á Dansverkstæðinu á hverju ári auk gestalistamanna sem stunda þróunarvinnu og rannsóknir.

Á meðan sviðsmyndin stækkar og sífellt fleiri velja að starfa innan sviðslista er eftirspurninni eftir pláss ekki svarað. Með plássleysi erum við að missa af tækifærum til rannsókna og vaxtar innan sviðslista á Íslandi auk þess sem við missum af samstarfsverkefnum við erlenda hópa og listamenn. Tjarnarbíó - heimili sjálfstæðu sviðslistahópanna er löngu sprungið og hrópar hátt eftir meira fjármagni og stærra plássi. Önnur úrræði eru fá eða jafnvel engin þar sem stofnanaleikhúsin taka einungis á móti örfáum nýjum samstarfsverkefnum og listamönnum á hverju leikári.

Bilið milli menntunar og atvinnulífs er því mjög stórt.

Það sem dansgeirinn kallar á í dag, og er þá bæði verið að tala um stofnanir og sjálfstæða hópa innan hans, er *heimili fyrir dansinn*. Hús eða rými sem gert er með þarfir dansins í fyrirrúmi og þar sem fókus er á að framleiða, þróa og sýna danslist í víðum skilningi hugtaksins. Þá er meðal annars verið að tala um lofthæð, sviðsbreidd, staðsetningu og gerð áhorfendastúku og

almennilegt dansgólf. Rými þar sem hægt er að koma saman, eiga samtöl, skiptast á þekkingu, deila aðferðum og tæknibúnaði, rými sem myndi nýtast dansgeiranum í heild sinni.

Það kom skýrt fram í rýnihópum rannsóknarinnar að það að hafa sinn eigin stað myndi ýta undir sjálfsmynd þeirra sem starfa innan geirans og í raun lyfta listgreininni upp á hærra plan.

Hugmyndin um Danshús er langt frá því að vera úrelt, hún hefur hins vegar þróast til að samræmast breyttum áherslum innan listgreinarinnar og samfélagsins í heild. Ef að Danshús yrði að veruleika, myndi það þjóna margþættu hlutverki sem faglegt svið, framleiðslustaður, þekkingarmiðstöð og samkomustaður í íslensku dansumhverfi. Það myndi bjóða upp á griðastað þar sem dansarar og danshöfundar gætu sýnt hágæða danslist, framleitt nýstárleg verk, miðlað þekkingu til bæði danssamfélagsins og almennings og eflt samvinnu milli ýmissa hagsmunaaðila. Dansinn er bæði aðgengilegur og alþjóðlegur í sjálfu sér þar sem aðal verkfærið er líkaminn og skynjun hans. Í dag er mun meiri fjölbreytileiki á sviði en áður hefur verið og á dansinn auðvelt með að aðlagast breyttu samfélagi hratt ásamt því að geta náð til mjög fjölbreytts áhorfendahóps. Það liggja því miklir möguleikar í dansgeiranum þegar kemur að tengingu við ferðaþjónustu, inngildingu jaðarhópa og fræðslu- og sýningarstarfi fyrir börn og unglunga.

Húsnæðisleysi ólíkra eininga innan greinarinnar, s.s. Íslenska dansflokksins og sjálfstæðra geirans, hæfir hvorki háskólamenntuðu danslistafólki sem starfar hér á landi, né alþjóðamarkaði og þeim vaxandi fjölda áhorfenda sem sækir danssýningar (Dansstefna FÍLD, 23/33).

Danshús myndi takast á við viðvarandi áskoranir sem danssamfélagið í heild stendur frammi fyrir í dag og stuðla að lifandi menningarflóru þjóðarinnar. Í næstu köflum verður kafað dýpra í hugsanlega samsetningu, samstarfsmöguleika, rekstrarform og fjármagn ásamt þróun áhorfendafjölda í Danshúsi á Íslandi.

Danshús á Íslandi

Samþætting

Í erlendum danshúsum er yfirleitt ekki venjan að ákveðinn dansflokkur sé tengdur húsinu en þess eru þó dæmi. Í rýnihópum og öðrum viðtölum sem rannsakandi tók er það skýrt að vegna sérstöðu okkar sem fámenn þjóð með sterkt menningarlíf þá væri það hagstæðast að sameina dansgeirann með stofnun Danshúss sem rúmað gæti mismunandi aðila innan geirans. Það væri því rökrétt að hugsa að Danshús yrði heimili fyrir eftirfarandi:

Íslenska dansflokkinn sem í dag leigir aðstöðu af Leikfélagi Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu. ÍD fagnar í ár 50 ára starfsafmæli og hefur lengi kallað eftir bættri vinnuaðstöðu en þau leigja einn sal á efstu hæð hússins á meðan búnings- og öll önnur aðstaða þeirra er í kjallara hússins. Svið Borgarleikhússins eru vissulega góð að mörgu leiti en ekkert þeirra er hannað sérstaklega með þarfir dansins í fyrirrúmi og þarf því ÍD oft að aðlaga sig.

ÍD er ríkisstofnun og starfsemi hans skráð í sviðslistalög, það er því umhugsunarefni að ekki sé hlúð betur að þörfum þessa virta dansflokks sem jafnframt er okkar eini ríkisflokkur. ÍD hefur lengi kallað eftir eigin húsnaði en því kalli hefur ekki verið svarað, þörfin á danshúsi er því enn mikil.

Reykjavík dance festival er eina alþjóðlega danslistahátíðin á landinu og hefur frá stofnun árið 2002 haldið áfram að vaxa og dafna undir handleiðslu reyndra aðila innan sviðslistasennunar. Listrænir stjórnendur hennar eru nú Pétur Ármannsson og Brogan Davison sem hafa haldið áfram að kynna áhorfendur fyrir framúrskarandi innlendu og erlendu danslistafólki en hátíðin kynnir ávallt a.m.k eitt stórt erlent verk ár hvert ásamt fjölda innlendra verka. Hátíðin er nú haldin í nóvember ár hvert og hafa áhorfendatölur hátíðarinnar verið stöðugur og uppselt verið á allar sýningar seinustu ár. Reykjavík Dance Festival er ein af borgarhátíðum Reykjavíkurborgar (Reykjavík Dance Festival, 2023).

Dansverkstæðið vinnustofur danshöfunda, var stofnað árið 2010 af hópi danshöfunda sem vildu bæta vinnuástöðu danslistafólks. Dansverkstæðið leigir æfingasali til sviðslistafólks; danslistafólks, leikhópa, óperuhópa og sirkuslistamanna ásamt því að skipuleggja reglulega þjálfunartíma og námskeið fyrir dansara og annað sviðslistafólk. Með aðild að ýmsum alþjóðlegum verkefnum tekur Dansverkstæðið þátt í uppbyggingu danslistarinnar og stuðlar að auknum tækifærum fyrir danslistafólk bæði hérlendis og erlendis.

Sjálfstæða senan á Íslandi þar sem starfa ótal hópar og einstaklingar sem margir hverjir kjósa að starfa á þann hátt frekar en að fara inn í stofnanaleikhúsin. Í sjálfstæðu senunni fer grasrótastarfsemin fram, nýsköpunin er mikil og rými fyrir tilraunir og rannsóknir. Það þarf því að veita þessum hópi betri starfsaðstöðu með framboði á rými og fjárhagslegum stuðningi en með því tryggjum við áframhaldandi framþróun greinarinnar hér á landi ásamt því að ýta undir samstarfsmöguleika bæði hérlendis og erlendis.

Sirkuslistafólk, þar á meðal Hringleikur sirkuslistahópur, en mikil gróska hefur verið í sirkusstarfssemi seinustu ár og sirkus sem listgrein dafnað vel hér á landi. Rýmisþarfir sirkusins eru að mörgu leyti þær sömu og dansins. Munurinn er sá að þau þurfa meiri tækjabúnað o.þ.l. geymslurými, ásamt mikilli lofthæð og öruggum festipunktum fyrir m.a hringi, silki og rólur (E, Ævarsdóttir. J, Kvaran. 2023).

Samstarfsaðilar

Auk þeirra aðila sem nefndir eru hér að ofan er eðlilegt að Danshús fari í samstarf við mismunandi aðila innan lista og menningarlífs landsins og að viðburðir í samstarfi við ólíka aðila yrðu partur af rekstri Danshúss. Hægt væri að leigja út bæði svið, æfingarsali og anddyri til þess að halda viðburði, allt frá tónleikum, ráðstefnum og fyrirlestrum til námskeiða og vinnustofa. Þannig væri hægt að auka eigin innkomu Danshússins til viðbótar við þær tekjur sem fást af miðasölu sýninga. Þeir ólíku aðilar sem saman mynda heildarstarfsemi Danshúss, sem sagt Íslenski Dansflokkurinn, Reykjavík Dance Festival, Dansverkstæðið og sjálfstæða senan myndu koma með sína samstarfsaðila inn en einnig væri hægt að ná út til þeirra fjölda hátíða og

viðburða sem eru partur af menningardagatali höfuðborgarsvæðisins. Augljósir samstarfsaðilar yrðu viðburðir eins og Barnamenningarhátíð, skólasýningar dansskólanna, DansDagar, Listahátíð, Menningarnótt og Iceland Airwaves en möguleikarnir á samstarfi eru miklir, enda skortur á rými eitthvað sem háir flestum þessara aðila á einhvern hátt.

Hér að neðan er að sjá yfirlit yfir þann fjölda hátíða og viðburða sem eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu ár hvert og eru augljósir samstarfsaðilar feitletraðir.

Hátíð	jan	feb	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágú	sept	okt	nóv	des
Myrkir músíkdagar	■											
Vetrarhátíð		■										
Barnamenningarhátíð				■								
Ungi Sviðslistahátíð fyrir börn				■								
Skólasýningar dansskólanna					■							■
Útskriftarsýningar LHÍ					■							
DansDagar					■							
Hönnunarmars					■							
Listahátíð í Reykjavík						■						
Fringe							■					
Hinsegin dagar								■				
Menningarnótt								■				
Reykjavík Dance Festival								■			■	
Jasshátíð Reykjavíkur								■				
Óperudagar									■			
RIFF										■		
Iceland Airwaves											■	
Lókal performing Arts Festival											■	
Unghlist											■	

Tafla 6.2 - sýnir mögulega samstarfsaðila gegnum árið. Augljósir samstarfsaðilar feitletraðir.

Áhorfendapróun

Dans hefur vaxið sem listgrein hér á landi en mikil gróska hefur verið í geiranum seinustu ár og íslenskt danslistafólk sýnt hérlandis sem og erlendis við góðar undirtektir. En áhugavert er að íslenskir dansflokkar eru þeir sem sýna alla jafna mest erlendis af íslenskum sviðslistahópum. Með stofnun Danshús er hægt að styðja við þessa þróun enn frekar, vinna markvisst að áhorfendapróun og vera með fjölbreytta dagskrárgerð sem leggur áherslu á íslensk og alþjóðleg danslistaverk ásamt því að vera með sýningar miðaðar að börnum og unglingum. Möguleikarnir eru því margvíslegir þegar kemur að tengingu við áhorfendahópa. Dansinn getur líka tekið á sig ýmisleg form, mikilvægt er að setja upp og sýna dansverk inni í leikhúsrýmum en dansinn getur líka verið utandyra, í öðrum óhefðbundnum rýmum, sem vídjóverk eða einstakur viðburður þannig er hægt að nýta rýmin í kringum Danshúsið til þess að skapa lifandi borgarlandslag með allskonar uppákomum. Aðsókn í leikhús hér á landi er mjög góð miðað við í nágrannalöndunum en ákveðin lægð átti sér stað frá árinu 2013/14 þegar að samstarfsverkefnum við leikhúsin fækkaði, rýmum byrjaði að fækka og færri möguleikar þar af leiðandi fyrir sjálfstæðu hópana til þess að setja upp sýningar (Hagstofa Íslands, 2023). En eins og vitað er þá er Tjarnarbíó - heimili sjálfstæðu sviðslistanna eina leikhúsið sem að sinnir þessum hóp, þ.e sjálfstæðu senunni, og er það rými löngu sprungið.


Miklir möguleikar liggja því í nýju húsi með nýjar áherslur sem hefur allt til þess að laða að sér nýjan og fjölbreyttan áhorfendahóp með áherslu á sýningar fyrir börn og unglunga, jaðarsetta hópa ásamt hinum almenna borgara.

So a dancehouse should be at the same time functional and creative, where people can express their needs and their ideas. But we live in our time, bound to our history, so once borders have been opened we have to be ready for a multicultural future, with different languages and different backgrounds (European Dancehouse Network, 2023).

Íslenski dansflokkurinn fagnar 50 ára starfsafmæli í ár og á mikilvægan þátt í áhorfendapróun innan dansgeirans hér á landi en mikil aukning var í áhorfendatölum flokksins milli áranna 2015 - 2016 eða frá 6.996 upp í 25.093. (Magnúsdóttir, 2017). Flokkurinn hefur sýnt við góðar undirtektir síðan þá undir listrænni stjórn Ernu Ómarsdóttur en flokkurinn er ekki síður vinsæll

erlendis og eftirsóttur í samstarfsverkefni við erlenda flokka og listamenn. Hinsvegar er ekki hægt að bjóða þessum samstarfsaðilum hingað til lands því það vantar bæði upp á æfinga- og sýningarpláss. Þar með eru íslenskir áhorfendur og íslenskt danslistafólk að missa af spennandi sýningum og tækifærum fyrir framþróun greinarinnar því með samstarfi skapast nýjar hugmyndir, vinnuhættir og efniviður. Áhorfendatölur flokksins sýna áframhaldandi jákvæða þróun hjá floknum eins og mynd 6.1 sýnir en áhorfendafjöldi hefur aukist um 151% frá árinu 2017 til ársins 2022. Með betri æfingar- og sýningaraðstöðu sem væri miðað að danslist gæti fjármagn flokksins runnið frekar til framleiðslu sýninga heldur en hárrar húsnæðis- og tækjaleigu en í eigin húsi væri flokkurinn einnig í stöðu til þess að taka á móti erlendum samstarfsverkefnum sem einnig myndu skila inn auknu fjármagni.

Áhorfendafjöldi Íslenska dansflokksins 2017 - 2022




Mynd 6.1 sýnir áhorfendafjölda ÍD frá árinu 2017 - 2022

Reykjavík Dance Festival, sem nú er haldið í nóvember ár hvert, hefur unnið markvisst að því að vera með fjölbreytta og inngildandi dagskrárgerð sem nær til breiðs hóps áhorfenda ásamt því að kynna dansinn fyrir nýjum áhorfendum. Hinsvegar hefur skortur á rými og fjármagni verið að hrjá hátíðina og nær ómögulegt að flytja inn fleiri en eitt erlent verk á hverju ári. Uppselt hefur verið á nær allar sýningar hátíðarinnar seinustu ár en það sem háir þeim er

skortur á bæði rými og fjármagni þar sem nú fer mikið af fjármagni hennar að leigja dýran tækjabúnað og sýningarstaði víðsvegar um borgina. Með aðgengi að rýmum og tækjabúnaði Danshúss gæti hátíðin fengið sýningarstaði sem eru betur fallnir að dansi sem aftur gæti skilað enn betri áhorfendatölum.


Áhorfendafjöldi Reykjavík Dance Festival 2015 - 2022



Mynd 6.2 - Sýnir áhorfendapróun RDF, sem virðist vera að ná sér á strik aftur eftir covid.

Hringleikur er kröftugt og upprennandi sirkuslistafélag sem hefur unnið ötullega að því að byggja upp sirkuslistageirann á Íslandi seinustu ár með góðum árangri. Þau leggja mikla áherslu á börn og ungmenni bæði með æskusirkusnum þar sem þau kenna námskeið allt árið um kring en einnig með framleiðslu á sýningum. Sýningarnar *Allra veðra von* og *MEGAWHAT!?* hafa verið sýndar við mjög góðar undirtektir seinustu ár og var heildarfjöldi áhorfenda árið 2023 3.822 manns sem sýnir að mikill áhugi er á þessari listgrein á Íslandi ekki minnst vegna þess hve vel það höfðar til yngri áhorfenda.

Áhorfendafjöldi Hringleiks 2021 - 2023



Mynd 6.3 sýnir áhorfendafjölda sirkuslistafélagsins Hringleiks árin 2021 - 2023.

Börn og yngri áhorfendur

Dans höfðar einkar vel til ungra áhorfenda og hægt er að bjóða börnum af öllum þjóðernum velkomin á sýningar. Tilvalið væri að bjóða upp á dagsýningar um helgar, sem henta einnig sérstaklega vel fyrir fjölskyldur þar sem að íslenska er ekki fyrsta mál, þar sem að allir geta notið saman án þess að málið eða sagan sem að sögð er flækist fyrir. En dans og þátttökusýningar þar sem að hreyfing er í fyrirrúmi hefur sýnt sig að hentar einnig vel sem form fyrir skynnæm börn á öllum aldri.

Hægt væri að bjóða leikskóla- og skólahópum í húsið á danssýningar sérstaklega ætluðum börnum og veita kennurum fræðslufni og námsleiðbeiningar sem tengjast þeim sýninganna og þannig hvetja til áframhaldandi þátttöku í kennslustofunni. Samtökin List fyrir alla væri hægt að tengja inn í það starf en tækifæri væri líka að vera í samstarfi við dansskóla á höfuðborgarsvæðinu og bjóða þeim að halda sínar nemendasýningar í húsinu.

Mikilvægt væri að vinna að dagskrárgerð fyrir börn og ungmenni sem innihéldi bæði sýningar, námskeið og fræðslu. Námskeið þar sem börn læra hreyfingar úr dansverkum eða ákveðna

sirkusfærni eða þar sem þau taka þátt í skapandi verkefnum. Fræðslustarf gæti verið að bjóða upp á baksviðsheimsóknir sem veita ungum áhorfendum innsýn í vinnuferli og starfsemi listafólksins. Það að efla börn og unga áhorfendur krefst skapandi nálgunar en með því að leggja áherslu á þau í dagskrárgerð, markaðssetningu og fræðslustarfi er hægt að búa til eftirminnilega og skemmtilega upplifun sem kveikir áhuga þeirra fyrir dansi og sirkislistum enn frekar og til framtíðar.

Inngilding

Dansinn hefur sérstöðu vegna þess hve lítil áhersla er á tungumálið, bæði dans og sirkulistir eru alþjóðlegar greinar í sjálfu sér og hægt er að koma til móts við allskonar líkama. Þannig er dansinn bæði aðgengilegur og alþjóðlegur þó að hann vissulega geti verið elítískur ef ekki er tekin meðvituð staða um að huga að inngildingu. Þessvegna er mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá og sýna fjölbreytta líkama á sviði, því á sama tíma er dansinn grunntjáning sem allir geta tengt við. Börn dansa nánast frá fæðingu og ólíkir menningarheimar búa yfir ólíkri danstjáningu. Þannig getur dansinn fylgt okkur í gegnum lífið sama hvar eða hvernig við erum stödd. Í Danshúsi þarf því aðgengi að vera gott í víðasta skilningi hugtaksins, ekki einungis þegar kemur að rýminu sjálfu heldur einnig í dagskrárgerð, kynningarefni og starfsfólki hússins.

Artists are continually exploring boundaries and testing ideas that produce new ways of looking at the world and challenge the status quo and social norms. Depending on the type of programming the organization presents, there can be opportunities to shape and question attitudes, beliefs, and values that contribute to changing social cultural and social environments. (Byrnes, 2022).

Hægt væri að bjóða upp á dansvinnustofur og námskeið með fjölbreyttum leiðbeinendum og þátttakendum þar sem bæði fatlaðir og ófatlaðir dansarar mætast og vinna saman. Jaðarhópar þyrftu að fá aðgengi að sviði í gegnum dagskrárgerð hússins og innleiða þyrfti stefnu um jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu í öllu skipulagi til að tryggja aðgengi listamanna með fjölbreyttan bakgrunn. Eins væri samstarf við samtök eins og List án landamæra eða önnur samtök og stofnanir sem vinna að inngildingu um viðburðahald, námskeið, fræðslustarf o.þ.h.

Huga þyrfti að fjölbreytileika í markaðsefni með því að sýna listamenn með mismunandi bakgrunn og ímynd og upplýsingar þyrftu að vera tiltækar á fleiri tungumálum til að koma til móts við bæði íbúa af erlendum uppruna auk ferðamanna. En möguleikar á tengingu við ferðaþjónustuna eru töluverðir.

Danssamfélagið á Íslandi hefur seinustu ár unnið markvisst að inngildingum og því að auka fjölbreytileika innan síns geira. Áhersla á inngildingum, fjölbreytileika og aðgengi eykur ekki aðeins upplifun áhorfenda af Danshúsinu heldur stuðlar einnig að jákvæðum félagslegum áhrifum og samfélagsuppbyggingu, en lista- og menningarstofnanir... gegna mikilvægu hlutverki í að breyta samfélögum um allan heim með því að kynna dagskrá sem tekur á og skoðar áhrif „öðrunar“ í félagslegum kerfum. „Öðrun“ er skilgreint sem „að koma fram við fólk úr öðrum hópi sem í meginatriðum er frábrugðið og almennt óæðri hópnum sem þú sjálf/ur tilheyrir“ (Byrnes, 2022).

Rekstrarform

So I think that for any dancehouse the best thing will be to know who they are and what they want to do, and then who you are and what you want to do...

(European Dancehouse network, 2023).

Það er ýmislegt sem þarf að huga að þegar ríkisstofnun eins og Íslenski dansflokkurinn fer undir sama þak og aðrar einingar innan dansgeirans og þá sérstaklega þegar kemur að sjálfstæðu senunni. En slík samþætting felur í sér sameiningu aðskildra eininga sem allar hafa sína eigin menningu, uppbyggingu og markmið. Það að stofna nýja menningarstofnun sem hýsa á ólíka aðila innan listdansgeirans á Íslandi krefst samvinnu, skýrrar framtíðarsýnar og vandaðrar auðlindastjórnunar. Með því að samræma markmið og hagsmuni allra aðila og hlúa að stuðningi og umhverfi er hægt að koma á fót lifandi menningarstofnun sem gagnast bæði listasamfélaginu og almenningi.

Mikilvægt er að koma á fót skýru skipulagi sem felur í sér stjórn, framkvæmda- og listrænan stjórnanda ásamt lykilstarfsmönnum sem bera ábyrgð á hinum ýmsu þáttum starfseminnar.

Vinna þarf að því að tryggja örugga langtímafjármögnun frá ríki og mögulega sveitarfélagi til að styðja við rekstur, áætlanir og innviði danshússins. Sú fjármögnun ætti að ná yfir listræna

dagskrárgerð auk rekstrar- og mannauðskostnað. Erlendis er oft boðið upp á að einstaklingar, fyrirtæki eða samtök verði stuðningsaðilar hússins og er það möguleiki sem vert er að skoða hér á landi.

Æskilegt væri að skipa stjórnarhóp eða listrænt ráð með fulltrúa frá ÍD, Reykjavík Dance Festival, Dansverkstæðinu og sjálfstæðu dans- og sirkussenunni. Saman myndi hópurinn leiða starfsemi danshússins og móta framtíðarsýn þess, mikilvægt er að skýrir ramar séu utan um skiptingu rýmisins svo að ekki sé hætt á að ein starfsemi taki yfir aðra. Einnig er mikilvægt að þróa öfluga markaðsstefnu sem kynnir danshúsið sem heimili dans- og sirkuslistar. Þær ólíku einingar sem starfa innan danshússins þyrftu að vera í samstarfi um markaðs og kynningarmál að einhverju leyti svo að hlutverk og framboð hússins séu skýr fyrir almenningi.

SVÓT Greining Danshús	
Styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri	
Innri styrkleikar	Ytri tækifæri
Ekkert samsvarandi hús hér á landi	Sameina danssenuna
Vaxandi og kröftug listgrein	Áhorfendaþróun/samfélagsþátttaka
Miklir samstarfsmöguleikar (ÍD, DV, RDF +++)	Alþjóðlegt samstarf og fjármagn
Tenging við ferðaþjónustuna	Möguleiki á fjársterkum samstarfsaðilum
Aðgengilegt listform	Einstakt menningartilboð
Innri veikleikar	Ytri ógnir
Takmarkað fjármagn	Samkeppni við aðrar stofnanir
Smæð markaðar	Fjárhagslegur óstöðugleiki
Árstíðabundin ferðaþjónusta	Finna húsnaði sem hentar
	Breytilegur áhugi og trend

Tafla 6.2 - sýnir styrkleika, tækifæri, veikleika og ógnir við stofnun og rekstur Danshúss á Íslandi.

Með stofnun Danshúss verður möguleiki á að taka á móti erlendum dansflokkum og sviðslistahópum ásamt því að möguleikar milli þeirra sem starfa hér á landi við erlenda hópa verða mun meiri. Með alþjóðlegu samstarfi koma möguleikar á norrænum, evrópskum og alþjóðlegum samstarfsstyrkjum sem geta styrkt starfsseminu enn frekar svo ekki sé talað um þá

framþróun innan greinarinnar sem getur átt sér stað. Með skorti á húsnæði erum við að missa af verðmætum tækifærum í samstarfi við alþjóðlegan markað, því ekki er hægt að bjóða erlendum dansflokkum og listafólki hingað þar sem æfingar- og sýningaraðstaða er af skornum skammti.

Rýmispörf

Í fyrri rannsókn um Danshús er fjallað ítarlega um rýmispörf slíks hús en ýmislegt kom í ljós í rannsókn höfundar sem vert er að bæta við.

Í rýnihópunum var mikil áhersla lögð á að það sem í raun vantar er svokallað “blackbox” eða stórt, svartmálað rými með ljósagrind og hljóðkerfi ásamt lausum áhorfendapöllum sem hægt er að færa til að vild, en eina þannig rýmið á höfuðborgarsvæðinu er að finna innan veggja Listaháskóla Íslands og er það einungis ætlað nemendum skólans. Það er ákveðin skekkja að slíkt rými sé til fyrir nemendur en þegar þau útskrifast sem atvinnusviðslistafólk er ekkert slíkt rými í raun aðgengilegt. Black boxið eða svart kassinn er einstaklega hentugt vinnu- og sýningarrými fyrir allt sviðslistafólk og ekki síst dansara. Kostir þess eru að hægt er að stilla upp sætum á hvaða hátt sem er og er því hægt að breyta sjónarhorni áhorfenda eins og hentar hverri sýningu. Þessi fjölbærni gerir kleift að setja upp fjölbreytt úrval sviðslistaverka, allt frá hefðbundnum leikritum til tilraunakenndari dansverka.

Í fyrri rannsókn á Danshúsi er talið að þörf sé á 3500 - 4000 fm húsnæði undir starfsemi þess og telur höfundur það rétt en að mögulega sé hægt að skoða minni rými en þá skerðist sú starfssemi sem æskilegt að væri í slíku húsi. Húsnæðið þarf að vera amk 20 metra breitt til þess að þar geti rúmast black box sýningarrými.

Danshús á Íslandi, eins og danssamfélagið sér fyrir sér í dag, hefur sérstakar rýmiskröfur til að sinna margþættu hlutverki sínu sem miðstöð dansframleiðslu, þróunar og sýninga. Það myndi rúma bæði stofnanir og sjálfstætt danslistafólk og koma til móts við hinar ýmsu þarfir danssamfélagsins ásamt mögulega vera staður fyrir sirkuslistafólk og annað listafólk sem starfar innan sjónræns leikhúss, til þess að æfa og sýna list sína enda rýmispörfirnar að mörgu leyti þær sömu. Þannig væri hægt að leysa rýmisvanda fleiri greina innan sviðslista með einu húsi sem væri þó fyrst og fremst heimili dansins.

Uppsetning Danshúss gæti því verið eftirfarandi:

Sýningarrými:

- Stóra sviðið - Black box
 - 350 áhorfendur í sæti
 - stærð 18 x 25 m þar af sviðið 18 x 15 ca
 - Lofthæð 6 - 8 metrar
 - Grind fyrir ljósabúnað og festipunkta sem halda a.m.k 1 tonni.
 - Öflugt hljóðkerfi
 - Færanlegt sætisfyrirkomulag
- Litla sviðið - black box
 - 70 - 100 áhorfendur í sæti
 - Rými sem er tilvalið fyrir innilegri og tilraunakenndari sýningar ásamt barnasýningum
 - stærð 12 x 10 m þar af væri sviðið 8,5 x 7,5 m
- Förðunar- og hárgreiðsluherbergi

Æfingarrými: ¹

- Æfingarsalur 1 (*ÍD*)
- Æfingarsalur 2 (*ÍD*)
- Æfingarsalur 3 (*sirkussalur með rimlaveggjum x 2, 3 festipunktum í lofti sem halda a.m.k 1 tonni, og 4x festipunktum í hliðum sem halda a.m.k 350 kg, 7-9 metra lofthæð*)
- Æfingarsalur 4 ²
- Æfingarsalur 5 (*ef Dansverkstæðið fer undir Danshús*)
- Búningsherbergi með sturtum

¹ Íslenski dansflokkurinn þyrfti að hafa aðgang að tveim æfingarymum fyrir sína starfsemi, eitt æfingarrými fyrir sirkuslistir með nauðsynlegum festipunktum og að lágmarki sex metra lofthæð. Það rými væri hægt að nýta sem daglegt æfingarrými fyrir fagfólk en líka hægt að vera með námskeið og barnastarf/æskusirkus. Fjórdi æfingarrýmið gæti verið leigt út til sjálfstæðra hópa og einstaklinga

² Einnig væri möguleiki á að einn æfingasalanna væri fullbúinn ljósa og hljóðaðstöðu ásamt myrkvunamöguleikum til þess að þar gætu verið haldnar sýningar. Nýting rýmisins væri þar með fjölþættari.

Skrifstofa og fundaraðstaða:

- Skrifstofa framkvæmdastjóra Danshúss
- Skrifstofa verkefnastjóra Danshúss
- Skrifstofa markaðs- og kynningarfulltrúa Danshúss
- Skrifstofa alþjóðafulltrúa Danshúss
- Skrifstofur Íslenska dansflokksins
- Skrifstofa Reykjavík Dance Festival
- Skrifstofa Hringleiks
- Skrifstofa tæknistjóra³
- Fundarherbergi

Geymsla og búningarými:

- Búningageymsla
- Tæknigeymsla
- Leikmunageymsla
- Geymsla fyrir sirkusmuni
- Verkstæði
- Saumaaðstaða

Önnur rými:

- Anddyri
- Bar og/eða kaffihús
- Miðasala
- Fatahengi
- Gestaíbúðir (möguleiki sem vert er að ræða fyrir alþjóðlegt samstarf)
- Hægt sé að bjóða upp á fjölbreytta viðburði utan sviðsrýmanna, s.s. í anddyri.

³ Hluti af skrifstofum gætu verið í opnu sameiginlegu rými.

Tæknilegt starfsfólk:

- Tæknilegt starfsfólk og búnaður skiptir sköpum til að stjórna lýsingu, hljóði og tæknilegum þáttum danssýninga. Sérstakt tækniteymi, þar á meðal tæknimenn og sviðsstjórar er nauðsynlegt.
 - A.m.k 2 sem sinna stærri rými
 - A.m.k 1 sem sinnir minna rými
 - Auka starfsfólk sem sinnir húsinu og einstökum verkefnum.

Niðurstaðan er sú að Danshús á Íslandi þyrfti að rúma fjölbreyttar þarfir danssamfélagsins, allt frá æfingum og sýningum til samstarfs af ýmsum toga. Þessi rými ættu að vera hönnuð til að efla listrænan vöxt, styðja við faglega þróun dansara og veita vettvang til að sýna dans sem lifandi listform í þróun.

Sviðsmyndir

Í umræðum rýnihópa og viðtölum rannsakanda við hina ýmsu aðila innan listdansgeirans á Íslandi komu fram ólíkar sviðsmyndir fyrir Danshús. Bæði kosti og galla er að finna við sviðsmyndirnar sem gefa þó skýrari sýn á þá möguleika sem fyrir liggja um stofnun Danshúss og samþættingu ólíkra aðila til þess. Mögulegar sviðsmyndir þyrfti að ræða vandlega þegar vinna hefst við undirbúning Danshúss á Íslandi en hér á eftir verður farið yfir hinar mismunandi sviðsmyndir og kostir og gallar þeirra settir fram.

A.

Danshúsið er leikhús sérsniðið að þörfum danslistarinnar. Enginn hópur á fast aðsetur í húsinu, en dans hefur skýran forgang.

Í húsinu myndu vera tvö sýningarrými, tæknirými, búningaástaða, hár og förðun, anddyri, bar og skrifstofur fyrir stjórnendur hússins. Íslenski dansflokkurinn hefur áfram skrifstofur og æfingarými í Borgarleikhúsinu, en leigir svið í Danshúsinu fyrir sýningar og æfingar sem þeim tengjast. Dansverkstæðið heldur starfsemi sinni á sínum stað, en hópar leigja svið í Danshúsinu

fyrir sýningar og æfingar sem þeim tengjast. Í sinni einföldustu mynd væri þetta leikhús með “black box” rýmum með einu stóru sviði og einu minna sviði.

Rýmisþörf ca 1.500 fermetrar.

Kostir:

- Skýr og einfaldur rekstrarramma
- Danshúsið á sig sjálft, jafnrétti í aðgengi
- Minni rýmisþörf
- Minni rekstrarkostnaður
- Möguleikar á nýtingu fyrir fleiri sviðslistaform

Gallar:

- Ótryggur rekstrargrunnur
- Dagleg starfsaðstaða Íd batnar ekki
- Ekki sterkt sameiningartákn fyrir dansinn
- Er þetta „heimili“ fyrir dansinn ef enginn á heima þar?
- Líklegt að önnur sviðslistaform myndu nýta sér þetta rými

B.

Danshúsið er leikhús sérsniðið að þörfum danslistarinnar. Enginn sviðslistahópur á fast aðsetur í húsinu, en dans hefur skýran forgang. Reykjavík Dance Festival og FÍLD - félag íslenskra listdansara hafa skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Í húsinu væri tvö leiksvið, tæknirými, búningaástaða, anddyri og bar, skrifstofur fyrir stjórnendur hússins. Skrifstofur fyrir RDF og FÍLD ásamt fundarherbergi.

Íslenski dansflokkurinn hefur áfram skrifstofur og æfingarými í Borgarleikhúsinu, en leigir svið í Danshúsinu fyrir sýningar og æfingar sem þeim tengjast. Dansverkstæðið heldur starfsemi sinni á sínum stað, en hópar leigja svið í Danshúsinu fyrir sýningar og æfingar sem þeim tengjast.

Rýmisþörf ca 1.500 fermetrar.

Kostir:

- Skýr og einfaldur rekstrarrammi
- Danshúsið á sig sjálft, jafnrétti í aðgengi
- Fleiri stofnanir danslistarinnar undir sama þaki, styrkir hugmyndina um heimili
- Minni rýmisþörf
- Minni rekstrarkostnaður

Gallar:

- Ótryggur rekstrargrunnur
- Dagleg starfsaðstaða Íd batnar ekki

C.

Danshúsið er leikhús sérsniðið að þörfum danslistarinnar. Íslenski dansflokkurinn á fast aðsetur í húsinu. Dans hefur skýran forgang til sýningahalds. Reykjavík Dance Festival og FÍLD - félag íslenskra listdansara hafa skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Í húsinu væri tvö leiksvið, tvö æfingarými Íd, búningsaðstaða fyrir dansara Íd, búninga- og leikmyndageymsla Íd, tæknirými, búningsaðstaða + hár og smink, anddyri og bar, skrifstofur fyrir stjórnendur hússins. Skrifstofur fyrir Íd, RDF og FÍLD. Fundarherbergi.

Rýmisþörf ca 2.500 fermetrar.

Kostir:

- Íd fær góðar starfsaðstæður
- Skýr ímynd af heimili dansins
- Fastar rekstrartekjur af veru Íd í húsinu

Gallar:

- Getur skapað ímynd ójanfvægis milli Íd annars vegar og sjálfstæða geirans hins vegar
- Sjálfstæði geirinn hefur ekki augljósan aðgang að æfingar- né sýningarrými
- Meiri rýmisþörf, dýrara húsnæði

D.

Danshúsið er leikhús sérsniðið að þörfum danslistarinnar. Íslenski dansflokkurinn á fast aðsetur í húsinu. Einnig er tryggt að sjálfstæðir hópar hafi greiðan aðgang að æfinga- og sýningarými ásamt sirkuslistahópum. Dans hefur skýran forgang til sýningahalds. RDF og FÍLD hafa skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Í húsinu væri tvö leiksvið, tvö æfingarými Íd, eitt æfingarými fyrir sjálfstæða hópa, eitt æfingarrými fyrir sirkuslistafólk, búningaástaða fyrir dansara Íd, búninga- og leikmyndageymsla Íd, tæknirými, búningaástaða + hár og smink fyrir leikhús, búningaástaða fyrir æfingarými, anddyri og bar, skrifstofur fyrir stjórnendur hússins. Skrifstofur fyrir Íd, RDF, FÍLD og verkefnastjóra sjálfstæðra hópa. Fundarherbergi.

Rýmisþörf ca 3.000 fermetrar.

Kostir:

- Íd fær góðar starfsaðstæður
- Skýr ímynd af heimili dansins
- Fastar rekstrartekjur af veru Íd í húsinu
- Reglulegar rekstrartekjur af veru sirkushópa og sjálfstæðra danshópa í húsinu
- Möguleikar á æskustarfi sirkushópa sem gefur rekstrartekjur
- Sterk sameining mismunandi aðila innan danslistarinnar á Íslandi

Gallar:

- Meiri rýmisþörf, dýrara húsnæði

E.

Danshúsið er leikhús sérsniðið að þörfum danslistarinnar. Íslenski dansflokkurinn á fast aðsetur í húsinu. Starfsemi Dansverkstæðisins færist í Danshúsið. Einnig er tryggt að sjálfstæðir hópar hafi greiðan aðgang að æfinga- og sýningarými. Dans hefur skýran forgang til sýningahalds. RDF og FÍLD hafa skrifstofuaðstöðu í húsinu.

Í húsinu væri tvö leiksvið, tvö æfingarými Íd, tvö æfingarými fyrir sjálfstæða hópa, eitt æfingarými fyrir sirkuslistir, búningaástaða fyrir dansara Íd, búninga- og leikmyndageymsla Íd,

tæknirými, búningaþstaða og hár og förðun fyrir leikhús, búningaþstaða fyrir æfingarými, anddyri og bar, skrifstofur fyrir stjórnendur hússins. Skrifstofur fyrir Íd, RDF, FÍLD, Dansverkstæðið og verkefnastjóra sjálfstæðra hópa. Fundarherbergi. Rýmisþörf ca 3.500 - 4.000 fermetrar.

Kostir:

- Íd fær góðar starfsaðstæður
- Skýr ímynd af heimili dansins
- Fastar rekstrartekjur af veru Íd í húsinu
- Reglulegar rekstrartekjur af veru sirkushópa og sjálfstæðra danshópa í húsinu
- Möguleikar á æskustarfi dans- og sirkushópa sem gefur rekstrartekjur
- Sterk sameining mismunandi aðila innan danslistarinnar á Íslandi

Gallar:

- Meiri rýmisþörf, dýrara húsnæði
- Ákveðin áhætta að hafa nánast alla aðila innan dansgeirans undir sama þaki

Staðsetning

Í þessari ritgerð verður eingöngu velt fram þeim hugmyndum sem sprottið hafa upp í rýnihópum og viðtölum um mögulegar staðsetningar Danshús. Nákvæm úttekt á húsnæði varðandi stærð, gerð, kostnað og annað er eitthvað sem þarf að gera þegar vilyrði og fjármagn fyrir slíku húsi er komið frá ráðuneyti. Eftirfarandi staðsetningar eru því einungis vangaveltur höfundar útfrá þeirri rannsókn sem gerð hefur verið.

Geirsgata 11 er gömul vöruskemma er lengi hýsti vöruafgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins en á síðari árum hefur húsnæðið lítið verið notað og þá einkum fyrir geymslustarfsemi. Húsið komst í eigu útvegsfélagsins Brim en er í dag í eigu dótturfélags fyrirtækjasamsteypu að nafni Berjaya Corporation sem sóst hefur eftir að byggja hótél en því hefur verið hafnað.

(Brynjólfsson, 2019)

En lóðin Geirsgata 11 er alls 4.805m² og byggingarmagn í dag 2.573 m². Hugmyndin að sviðslistahúsi á þessum stað hefur áður komið fram en í þessari rannsókn var það sirkúlistahópurinn Hringleikur sem lengi hefur haft augastað á þessu húsi. En staðsetning þess, stærð og gerð myndi henta lifandi menningarhúsi einkar vel. Húsið er í nálægð við Hörpu, helsta tónlistar og ráðstefnuhús landsins, Listasafn Reykjavíkur og Borgarbókasafnið ásamt því að Listaháskóli Íslands mun bráðlega færa starfsemi sína í gamla tollhúsið steinsnar frá. Hægt væri þannig að búa til menningarlegan suðupott á bestu staðsetningu miðbæjarins.

Svæði í uppbyggingu eins og **Grandi** og **Laugarnes** voru einnig mikið nefnd og var sérstaklega **Grandi** talinn ákjósanlegur staður fyrir Danshús. Svæðið hefur verið og er enn í mikilli uppbyggingu með bæði safnastarfsemi, verslanir og veitingastaði og er í hæfilegri fjarlægð frá kjarna miðborgarinnar. Lóðarstærðir eru ágætar og auðveldlega hægt að sjá fyrir sér starfsemi Danshús bætast við þá flóru sem nú þegar er til staðar.

Laugarnes er einnig áhugavert hverfi sem uppbygging er hafin í, Listaháskólinn mun bráðlega flytja sína starfsemi úr Laugarnesinu niður í miðbæ og áhugavert að vita hvað verður um þeirra húsnæði einnig er að finna iðnaðarhverfi hinum megin við Sæbrautina sem mögulegt væri að finna hentugt húsnæði en uppbygging er líkleg á þessu svæði bráðlega. Laugarnesið er í hæfilegri fjarlægð frá miðborg og er bæði veitingastaði, íbúabyggð og verslanir að finna í hverfinu.

Háskólabíó er ráðstefnuhús og tónleikahús og fyrrum kvikmyndahús, sem stendur við Hagatorg í Vesturbæ Reykjavíkur. Byggingin hefur einkennandi harmonikkulag sem hefur áhrif á hljómburð og með háum suðurhluta sem átti að gera kleift að draga sýningartjöld upp fyrir sviðið. Húsið var aðaltónleikahús Sinfóníuhljómsveitar Íslands um árabíl eða þar til Tónlistarhúsið Harpa var tekið í notkun árið 2011. Á árunum 1985-1990 var reist viðbygging við húsið sem hýsir skrifstofur og minni sýningarsali. Í húsinu eru fimm salir; einn stór salur með 970 sætum og fjórir minni salir með samtals 817 sætum. Miklar endurbætur þyrfti til þess að hægt væri að setja Danshús inn í rýmið en oft myndast skemmtilegir möguleikar þegar enduruppgera á eldri byggingar.

Í samtali höfundar við Friðþjóf Þorsteinsson ljósaönnuð og ráðgjafa fyrir sviðslistahús var hugmyndinni um Danshús í **Skeifunni** velt fram ásamt svæðinu við hlið **Gerðarsafns** í

Kópavogi. Ákveðin mótstaða var í rýnihópum við tillögunni um að staðsetja Danshús utan miðbæjar en þó má velta upp þeirri hugmynd að slíkt hús myndi einmitt þrífast utan kjarna miðbæjarins. Bæði fasteignaverð og menningarlegt landslag miðbæjar hefur breyst gífurlega á seinustu árum með mikilli uppbyggingu hótela og annarra gistimöguleika, þannig hefur “kjarni” miðbæjars orðið dreifðari og hverfi í kringum hann fengið aukna athygli. Í ljósi sögunnar hafa slík menningarhús einnig aukið aðdráttarafl og stuðlað að uppbyggingu nýrra hverfa og því ekki ólíklegt að slíkt hið sama gæti gerst hér. Helsta hindrun þegar kemur að þessari hugmynd er auðvitað almenningsamgöngur en þær eru af skörnum skammti hér á landi og ekki sambærilegar við það sem boðið er upp á erlendis. Því mætti færa rök fyrir því að auðveldara væri að byggja upp slík menningarhús í úthverfum erlendis en það er hér. Menningarleg þyrping gæti þó verið undantekningin í þessari umræðu, ef hægt væri að tengja starfsemi Danshús við aðra menningartengda starfsemi í nágrenninu samanber svæði í kringum Gerðarsafn í Kópavogi eða Hönnunarsafn í Garðabæ en vandlega þyrfti að huga að markaðs- og kynningarmálum væri húsið staðsett á þessum stöðum.

Danshús á Norðurlöndunum


Hugmyndin um Danshús á Íslandi sækir innblástur í sambærileg hús í Evrópu og þá einkum á Norðurlöndunum, þar sem danshús hafa þrífist í áratugi. Það fyrsta var stofnað í Stokkhólmi árið 1991 en nú er að finna Danshús í öllum höfuðborgum Norðurlandanna ásamt í minni borgum og bæjum hvers lands. Tilvist danshúsa á Norðurlöndum hefur skilað góðum árangri og ríkisfjármögnun tryggir að þessir staðir geta veitt hágæða aðstöðu, dagskrágerð og tækifæri fyrir dansara og danshöfunda. Áhersla húsanna er á fjölbreytta dagskrárgerð sem nær til breiðs áhorfendahóps og að sýna danslist í hæsta gæðaflokki fyrir fólk frá 0 ára - 100 ára, oft með sérstaka áherslu á dagskrárgerð fyrir börn og unglunga, upprennandi danslistafólk, eldri áhorfendur og jaðarhópa.

Athyglisvert er að skoða árangur þessara húsa þegar kemur að áhorfendafjölda en öll húsin geta sýnt fram á vaxandi áhorfendafjölda frá stofnun og hefur tilvist þeirra auðgað menningarlandslagið ásamt því að stuðla að auknum áhuga á samtímadansi og tengdum listgreinum hjá hinum almenna borgara.

Þessi aukning í áhorfendafjölda hefur ekki aðeins auðgað menningarlandslagið heldur einnig aukið fjárhagslega sjálfbærni danshúsanna sem eins og áður hefur komið fram eru einnig styrkt af ríkinu og öðrum sjóðum.

Dansens Hus í Stokkhólmi var eins og fyrr segir opnað árið 1991 í miðbæ borgarinnar. Samtök um danshús í Svíþjóð voru stofnuð árið 1989 og samanstóðu af Konunglegu Óperunni, Ríksteatern, Gautaborgaróperunni, Östgötateatern, Danscentrum, Dansmuseet og Skånes Danseteater sem unnu saman að því að tryggja fjármagn og viðeigandi húsnæði. Húsið er styrkt af bæði ríki og Stokkhólm borg og er með samtals þrjú svið með pláss fyrir 140 - 782 manns í sæti ásamt því að vera með æfingar- og framleiðslurými. Bæði svið og æfingarrými eru einnig leigð út til hinna ýmsu viðburða (Dansens Hus Stockholm, 2023). Áhorfendatölur hjá Dansens Hus í Stokkhólmi eru mjög góðar og hafa farið stigvaxandi frá árinu 2011 til 2018 þegar þær duttu aðeins niður en nú virðast þær vera á uppleið aftur eftir covid. Sýningar og viðburðir hússins eru gífurlega vel sótt og sýna þau fjölbreytt verk bæði sænskra og alþjóðlegra danshöfunda fyrir alla aldurshópa.

Áhorfendafjöldi Dansens Hus Stockholm 2011 - 2022



Mynd 7.1 - Sýnir mjög góðar áhorfendatölur sem eru einnig á uppleið aftur eftir covid.


Í Danmörku er að finna bæði Dansehallerne í Kaupmannahöfn sem stofnað var árið 2009 og Bora Bora dans og sjónrænt leikhús stofnað árið 2011 í Árósum. Fjallað hefur verið um

Dansehallerne í fyrri skýrslum og eru þau núna á milli húsnæða. Því verður frekar litið til Bora Bora í þessum samanburði en rekstrarumhverfi hússins á kannski meira sameiginlegt með aðstæðum okkar hér á Íslandi. Bora Bora sýnir dans- og sviðslistaverk eftir danska og alþjóðlega höfunda, ásamt því að leigja út æfingarrými, bjóða upp á listamannadvöl og standa að smærri og stærri hátíðum. Þar er að finna tvö svið með pláss fyrir 73 og 200 manns í sæti og er húsið styrkt af bæði ríki, sveitarfélagi og öðrum sjóðum í gegnum alþjóðleg samstarfsverkefni. Bora Bora hefur frá opnun árið 2011 sýnt yfir 312 sýningar með sviðslistahópum frá 32 mismunandi löndum og verið með-framleiðandi (co-producer) á yfir 90 sviðslistaverkum (Bora Bora, 2023).

“As in the meantime dancehouses were gathering, Norway wanted its dancehouse too. It started a long maturing process: while researching what they wanted and which money was needed, politics started realizing that dance wasn't theatre but an art on its own; and art is international” (European Dancehouse Network, 2023).

Samtök um Dansens Hus í Oslo voru stofnuð árið 2004 og unnu hart að því að tryggja framtíðarfjármagn og húsnæði fyrir danslistina þar í borg á meðan þau buðu einnig upp á sýningar á sviðum víðs vegar um borgina. Vorið 2008 gátu þau svo loksins opnað í eigin húsnæði í gömlu iðnaðarhverfi aðeins fyrir utan miðbæ borgarinnar. (Urdal, 2023) Þau settu sér fljótlega há markmið um þróun áhorfendafjölda og var svo að segja stöðug aukning í fjölda áhorfenda allt fram að covid þegar mikið af starfseminni féll niður. Þau náðu sér þó fljótlega á strik aftur og nú stefnir allt í að heildartala áhorfenda fyrir árið 2023 verði yfir 20.000 manns. Dansens Hus leggur mikla áherslu á fræðslu og sýningarstarf miðað að börnum og unglingum og nærri ¼ af dagskrá haustsins 2023 sýningar sem passa sérstaklega fyrir börn og er sérstök áhersla hjá þeim að bjóða upp á sýningar fyrir allra minnstu börnin frá 0 - 3 ára. Hin ýmsu samstarfsverkefni við bæði skóla og borgarhluta miða að því að kynna fyrir og leyfa börnum frá öllum samfélagshópum að taka þátt og upplifa dans (Wieringa, 2023).

Áhorfendafjöldi Dansens Hus Oslo 2006 - 2023



Mynd 7.2 - Vantar tölur fyrir 2021, áhorfendatölur fyrir vor 2023 eru 10.219 sem gefur til kynna að heildartala fyrir árið verði líklega yfir 20.000 manns.

Nýjasta viðbótinn í Danshúsflórana á Norðurlöndunum er Tanssin talo í Helsinki en það var opnað árið 2022 í göngufjarlægð frá miðbæ borgarinnar. Óskinn um danshús hafði legið lengi á danssamfélaginu í Finnlandi og var unnið hart að því seinustu ár að gera grein fyrir mikilvægi þess fyrir bæði danssamfélagið, menningar- og listalíf borgarinnar ásamt almenningi. Húsið er eitt það stærsta á Norðurlöndunum með tvö svið sem rúma 235 og 700 manns í sæti ásamt einu æfingarrými fyrir listafólk sem sýnir í húsinu.


“When we spoke in the parliament or to the city's civil servants, they no longer questioned the matter. They understood that the dance house is truly needed.”

— Sanna Rekola

(Tanssin talo, 2023)

Tímalína danshúsa í Evrópu

Fyrsta danshúsið í Evrópu var stofnað árið 1969 í London en síðan þá hafa sprottið upp yfir 40 danshús víðsvegar um alla álfuna í bæði stórum sem minni borgum. Danshús má þannig finna í Þýskalandi, Grikklandi, Frakklandi, Írlandi, Ítalíu, Hollandi, Skotlandi, Tékklandi og Sviss en einnig á Spáni, í Króatíu, Portúgal, Slóveníu og Póllandi ásamt áður nefndum danshúsum í höfuðborgum Skandínavía. Þau eru mismunandi að stærð og gerð og með mismunandi rekstrarform en öll setja sér þau það markmið að þjóna danslistinni og danslistafólki ásamt því að kynna dans fyrir almenningi.



Mynd 7.3 - sýnir tímalínu hluta af danshúsum í Evrópu en þau eru yfir 40 talsins í allri álfunni.

Umræða

Ákallið um Danshús er greinilegt og er samhljómur í dansgeiranum um að það sem þarf er *heimili fyrir dansinn*. Staður þar sem listgreinin fær að blómstra og standa jafnfætis öðrum greinum sem eiga sinn eigin stað, sitt eigið heimili. Danshús yrði ekki bara líkamlegt rými heldur tákn menningarlegrar sjálfsmyndar, listræns vaxtar og samfélagslegra tengsla. Samþætting hinna ýmsu eininga innan danssamfélagsins var talið ákjósanlegasti kosturinn þar sem möguleikinn til þess að vera kraftmikil miðstöð danslistarinnar er mikill. En með sameiningu fleiri aðila er hægt að stuðla enn frekar að þróun og listrænum vexti innan greinarinnar hér á landi.

Danshús hafa verið rekin með góðum árangri erlendis til margra ára og sýna áhorfendatölur Danshúsa á Norðurlöndunum að með því að eignast sitt eigið heimili er hægt að auka og viðhalda áhorfendafjölda til muna. Danshús hefur mikla möguleika á því að verða fjölbreytt og aðgengileg stofnun sem passar inn í menningarlandslag samtímans og hleypir þessi rannsókn nýju lífi í hugmyndina um Danshús — rými þar sem dans þverar landamæri, þar sem listræn sjálfsmynd þrífst og þar sem mismunandi aðilar vinna saman til þess að styrkja greinina. En tækifærin eru líka fjölmörg þegar kemur að þróun áhorfendafjölda, tengingu við samfélagið, ferðamannaíðnaðinn og uppbyggingu alþjóðlegs samstarfs innan greinarinnar.

Ákallið um Danshús er raunverulegt og eitthvað þarf að breytast í rýmismálum listgreinarinnar, það má því líta á þessa rannsókn sem boð um að gera drauminn um Danshús að veruleika og umbreyta hugmyndum í áþreifanlegt rými.

Heimildir

About the theater. (2023). Bora Bora. <https://bora-bora.dk/en/about-the-theater/>

Ari Brynjólfsson. (2019, 2. mars). Útiloka stórt hótél eitt og sér á Geirsgötu 11. *Vísir*.
<https://www.visir.is/g/2019190309824/utiloka-stort-hotel-eitt-og-ser-a-geirsgotu-11->

Byrnes, W. J. (2022). *Managing and the arts*. Routledge. New York.

Dr. Sigurðardóttir, M. S og Young, T. (2011). *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*.
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/kortlagning_2011.pdf

Félag íslenskra listdansara. (2022). *Dansstefna 22/32*.
https://www.dansverkstaedid.com/_files/ugd/2298fa_aad01faa52db4219897063a4c2e7ee91.pdf

Florida, R. L. (2002). *The rise of the creative class: And how it's transforming work, leisure, community and everyday life*. Basic Books.

History. (2023). Tanssin talo. <https://www.tanssintalo.fi/>

Hutter, M., & Throsby, D. (2008). *Beyond price: Value in culture, economics, and the arts*. Cambridge University Press.

Jónsdóttir, K.M og Ingólfssdóttir, Ó. (2007). *Tillögur að Danshúsi - miðstöð samtímadans á Íslandi*. Félag Íslenskra Listdansara. <http://www.dance.is/sm/u/m/danshus-dansmidstod.pdf>

Magnúsdóttir, M, S. (2017). *Danshús á Íslandi. Húsnæðismál, rýmisþörf og þróun áhorfendafjölda*. Nýsköpunarsjóður námsmanna.
https://www.dansverkstaedid.com/_files/ugd/2298fa_3bb56a35ed7a4597b062d7ee9028114a.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021). *Menningarsókn. Aðgerðaráætlun til 2030*.
[https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%
c3%b3kn_a%
c3%b0ger%
c3%b0a%
c3%a1%
c3%a6tlun%20til%202030_vefbirting_1%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Menningars%c3%b3kn_a%c3%b0ger%c3%b0a%c3%a1%c3%a6tlun%20til%202030_vefbirting_1%20-%20Copy%20(2).pdf)

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. (2021). *List og menning í Reykjavík 2030. Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2021 - 2030*.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/menningarstefnan_-_low_res.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Menningarstefna*.
https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menningarmal/menningarstefna_2013.pdf

Om Dansens Hus. (2023). Dansens Hus. www.dansenshus.com

Om oss, Dansens Hus. (2023). Dansens Hus. www.dansenshus.se

The dance houses. (2023). EDN - European dancehouse network.
<https://www.ednetwork.eu/page/themes/ecosystem/definition-dancehouses>.

Viðtal rannsakanda við Ólöfu Ingólfssdóttur.

Viðtal rannsakanda við Randi Urdal, Danseinformasjonen Norge

Viðtal rannsakanda við Hringleik

Viðtal rannsakanda við Saskia Wieringa, Dansens Hus Oslo

Viðtal rannsakanda við Friðþjóð Þorsteinsson.

What we do. (2023). Reykjavík Dance Festival. <http://www.reykjavikdancefestival.com/theteam>